

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorphirðu- gjald</i>	<i>Sorpeyðingar- gjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	24.497	12.243	36.740
b) Aukasorpílát í þéttbýli	kr.	12.200	6.098	18.298
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	12.656	6.325	18.981

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>		<i>kr./kg m.vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur		18,74
Ópressanlegur úrgangur		28,12
Málað timbur eða plasthúðað		28,12
Óflokkaðir málmar		4,70
Blandaður pappír		20,65
Dagblöð og tímarit		20,65
Plastumbúðir, harðplast		18,74
Fatnaður		18,74
	<i>m³</i>	<i>kr. m.vsk.</i>
Móttökugjald fyrir einstaka farma	0,25	986
	0,5	1.971
	0,75	2.957
	1	3.943

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun hjá söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 13. desember 2016 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1268/2015.

Búðardal, 13. desember 2016.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.